



## Fundargerð

14. fundar stjórnar FRÍ fimmtudaginn 12. febrúar 2015 kl. 17:00  
Í fundarsal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ í Laugardal

---

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson og Gunnlaugur Júlíusson. Forföll tilkynntu: Lóa B. Hallsdóttir, Stefán Skafti Steinólfsson.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Fundargerðir 4. og 8. funda samþykktar. Framkvæmdastjóra falið að senda aðrar framlagðar fundargerðir, 13., 12. til stjórnarmanna til að gera aths. fram að næsta fundi.
2. Fjármál og rekstur.
  - 2.1. Gjaldkeri greindi frá því að hann væri með í vinnslu vinnureglur vegna fjármála sambandsins sem hann myndi leggja fram á næsta fundi fjárhagsnefndar. Stefnt að fyrsta uppgjöri vegna 2014 í næstu viku.
  - 2.2. Uppgjör vegna Meistaramóts Ísland sl. helgi. Uppgjöri þátttökuliða lokið sem og við mótshaldara. Stjórnin lýsti ánægju með góðan árangur og metnað hreyfingarinnar.
  - 2.3. Starfsmannamál. Formaður ræddi hlutverk og verkefni innan FRÍ, bæði fjáröflunarverkefni og þjónustu við íþróttafólkið, umgjörð landsliðs o.fl. Fundarmenn sammála því að við þurfum að bæta við starfskröftum. Fjárhagsnefnd mun skoða málið betur. Einar mun jafnframt ræða við þjálfara í Yfirþjálfarahópi um málið.
3. Alþjóðleg mót, þátttakendur og kostnaður
  - 3.1. EM inni í Prag. Alls hafa fimm einstaklingar náð lágmarksárangri sem settur var. Fleiri eiga enn möguleika. Ákveðið að panta flug og gistingu fyrir þá og tvo þjálfara. Einnig ákveðið að kanna mögulega tekjuöflun vegna þátttöku í mótinu. Einar ræðir við RUV. Framkvæmdastjóra falið að ræða við ÍSÍ vegna aukins kostnaðar við þátttöku á mótinu.
  - 3.2. Nordic Challenge í Bærum 14. febr. Fjórir íslenskir keppendur mæta til leiks. Kostnaður FRÍ eingöngu vegna ferðakostnaðar innanlands, auk þess sem þeir sem hafa A lágmark, fá kr. 30.000 í styrk.
4. Vorfundur 27. febr. nk.
  - 4.1. Boðun hefur verið send út. Dagskráratríði: Fjármál 2014 og kostnaður vegna alþjóðlegra móta 2015. Afreksstefna FRÍ og frjálsíþróttaaðstaða á Laugardalsvelli. Einnig samþykkt að óska eftir viðhorfum fundarmanna til Mótaraðar FRÍ, hvort henni eigi að halda áfram. Framkvæmdastjóra einnig falið ræða málin við mótshaldara og leggja fram tillögu um Mótaröð FRÍ til stjórnar.
  - 4.2. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá nánari boðum og undirbúningi fyrir vorfund FRÍ
5. Aðrir fundir og námskeið



- 5.1. Uppskeruhátíð FRÍ. Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu mála. Spurning um dags. þar sem fyrirhugað húsnæði gæti verið upptekið. Lagður fram listi með árlegum viðurkenningum FRÍ til skoðunar.
  - 5.2. Þjálfaranámskeið 2. CECS. Eftir samráð við aðalleiðbeinanda var samþykkt að stefna að þessu námskeiði í haust, ekki í vor eins og áður hafði verið rætt.
  - 5.3. Tímasetning stefnumótunarumræðu. Ákveðið að Björg Ágústsdóttir kæmi á fund með stjórn, varastjórn og nefndarformönnum sem ættu þess kost, mánudaginn 23. febr. nk. kkl. 17:30. Framkvæmdastjóri boðar fundinn.
  - 5.4. Fundur forystumanna íþróttahreyfingarinnar með menntamálaráðherra sl. þriðjudag. Einar greindi frá fundinum og merkti breytingu á viðhorfum ráðherra til íþróttahreyfingarinnar. Menntamálaráðherra ákvað að fundað yrði árlega með íþróttahreyfingunni hér eftir.
  - 5.5. Ráðstefna EAA um götuhlaup í París 4. og 5. febr. sl. Sigurður Pétur Sigmundsson formaður almenningshlaupanefndar sótti fundinn fyrir okkar hönd og lagði fram greinargerð um fundinn. Formanni og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með honum um tillögur um framhaldsviðbrögð.
  - 5.6. ÍSí þing 17. og 18. apríl nk. FRÍ á 3 fulltrúa á þinginu. Samþykkt að formaður verðir einn fulltrúa og framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir áhugasömum fulltrúum úr hreyfingunni. Frestur gefinn fram að vorkundi.
  - 5.7. Undirbúningsfundir vegna Smáþjóðaleikanna. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi daginn áður. Við þurfum að að velja flokkstjóra. Ákveðið að fara safna upplýsingum um væntanlega keppendur, því við þurfum að skila inn vegabréfsupplýsingum um keppendur eins og aðrar þjóðir.
6. Evrópuunglingamet Anítu. Aníta Hinriksdóttir setti nýtt íslenskt met á MÍ í 800 m. Framkvæmdastjóri lagði fram umsókn semákveðið var að senda EAA með tilheyrandi gögnum.
  7. Staðfesting félagaskipta. Framkvæmdastjóri lagði fram eftirfarandi lista með einstaklingum sem hafa skipt um félag frá ársbyrjun:

Nafn	kt.	Skipt úr	Skipt í	Keppnisréttur
Guðberg Sumarliðason	0210952499	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2014
Ari Bragi Kárasón	0902892689	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2015
Arna Stefanía Guðmundsdóttir	0109952649	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2015
Bjarki Freyr Rúnarsson	0202942059	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2015
Hilmar Örn Jónsson	0605962049	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2015
Juan Ramon Borges	0710923059	ÍR (ÍBR)	FH (ÍBH)	1.1.2015
Hugrún Birta Egilsdóttir	2409752649	Breiðablik (UMSK)	FH (ÍBH)	9.1.2015
Ingibjörg Arngrímsdóttir	0806982919	Breiðablik (UMSK)	FH (ÍBH)	9.1.2015
Kristín Karlsdóttir	2803943199	Breiðablik (UMSK)	FH (ÍBH)	9.1.2015
Alrún Irene A. Stephensdóttir	0702973379	Umf. Sindri (USÚ)	ÍR (ÍBR)	12.1.2015
María Birkisdóttir	2408952509	USÚ	ÍR (ÍBR)	12.1.2015



Arna Ýr Jónsdóttir	300595-2949	UFA (ÍBA)	FH (ÍBH)	13.1.2015
Ástþór Jón Tryggvason	221198-2399	Umf. Katla (USVS)	Umf. Selfoss (HSK)	14.1.2015
Guðni Páll Pálson	1504872189	Umf. Katla (USVS)	ÍR (ÍBR)	14.1.2015
Gunnar Eyjólfsson	0506983359	Umf. Afture. (UMSK)	UFA (ÍBA)	14.1.2015
Óðinn Björn Þorsteinsson	0312814239	Árm (ÍBR)	ÍR (ÍBR)	14.1.2015
Sveinbjörn Jóhannesson	140498-3359	Laugdælir (HSK)	ÍR (ÍBR)	27.1.2015
Þorsteinn G. Guðlaugsson	301195-3039	ÍR (ÍBR)	Breiðablik (UMSK)	1.1.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.